



Starfsreglur fyrir Borgina frístund og skammtímadvöl

Borgin frístund og skammtímadvöl starfar samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, reglum Norðurþings um skammtímadvöl og reglum um frístund fyrir fötluð börn og ungmenni.

Borgin frístund

Norðurþing býður fötluðum börnum og ungmennum frá 10-18 ára upp á frístundarþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundarþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan í Borginni frístund skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi.

Borgin skammtímadvöl

Fötluð börn og ungmenni eiga rétt á skammtímadvöl utan heimilis þegar þörf krefur. Skammtímadvöl er ætlað að veita fötluðum einstaklingum tímabundna dvöl vegna mikilla umönnunarþarfa umfram jafnaldra. Foreldrar barna sem á rétt á skammtímadvöl geta fengið stuðning inn á heimilið sitt í stað vistunar utan heimilis óski foreldrar þess. Heimilt er að veita fullorðnu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annari þjónustu.

Upplýsingar um starfsemina

Vefsíða Borgarinnar:

<https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/felagsthjonusta/malefni-fatladra/fristund-fyrir-fotlud-born-og-ungmenni>

Forstöðumaður Borgarinnar frístundar og skammtímadvalar:

Íris Myriam Waitz, netfang: irisw@nordurthing.is

Sími: 696-1201

Staðsetning: Sólbrekka 28 niðri, 640 Húsavík.

Umsókn um Borgina frístund og skammtímadvöl

Sótt er um Borgina frístund og skammtímadvöl inni á heimasíðu Norðurþings, undir eyðublöð/umsóknir. Sótt er sérstaklega um Borgina vetrarfrístund sem er starfrækt frá miðjum ágúst til júní byrjun. Það er einnig sótt sérstaklega um Borgina sumarfrístund sem er starfrækt frá því að skólarnir fari í sumarfrí fram að ágúst byrjun. Þegar sótt er um Borgina skammtímadvöl gildir umsóknin í eitt ár nema annað sé tekið fram í umsókninni.

Þegar umsókn hefur verið send inn, fer hún fyrir samráðsfund félagsþjónustu og tekin ákvörðun um umsóknina skv. reglum Norðurljósa um skammtímadvöl og/eða reglum Norðurljósa um fötluð börn og ungmenni. Foreldrum/forsjáraðilum er sent svarbréf um ákvörðun umsóknar.

Reynt er að fremsta megni að koma til móts við allar samþykktar umsóknir og reynt að byrja þjónustuna sem fyrst.

Skilyrði fyrir dvöl í Borginni frístund

Skilyrði fyrir að eiga rétt á Borginni frístund er að barn verður að eiga lögheimili í Norðurljósi, byggir á metnum stuðningsþörfum barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis. Mat á stuðningsþörf skal vera unnin í samvinnu við ungmenni eða barn og forsjáraðila. Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

Skilyrði fyrir dvöl í Borginni skammtímadvöl

Skammtímadvöl er ætluð börnum sem flokkast í umönnunarflokka 1, 2 og 3 eins og þeir eru skilgreindir í 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá fagaðilum, með framvísun læknisvottorðs og/eða greinargerð frá viðurkenndum greiningaraðila, þar sem kemur fram mat á þörf viðkomandi fyrir stuðning. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

Breytingar á vistunartíma

Óskir um breytingar þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og ef hægt er að verða við þeim taka þær gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar. Óski foreldrar/forsjáraðilar eftir breytingu á vistun er haft samband við forstöðumann með tölvupósti.

Gjöld fyrir frístund

Gjöld fyrir frístund eru greidd eftir á, gjalddagi miðast við fyrsta virka dag hvers mánaðar. Vistunargjald skal greitt samkvæmt samþykktum dögum hvers barns.

Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

Gjöld fyrir Borgina frístund eru samkvæmt gjaldskrá sem er ákveðin af sveitarstjórn Norðurljósa. Breytingar á gjaldskrá eru hver áramót og er uppfærð gjaldskrá birt á vefsíðu Norðurljósa.

Ef til þriggja mánaða vanskila kemur er foreldrum/forsjáraðilum leiðbeint með að semja um greiðslu gjalda, annars geti komið til uppsagnar á úrræðinu.

Greitt er fyrir fullt pláss, hálf pláss (allt að þrjú daga í viku). Veittur er afsláttur til einstæða foreldra/forsjáraðila og systkinaafsláttur, 50% fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja barn. Innifalið í mánaðargjaldi er matarkostnaður.

Borgin skammtímadvöl er gjaldfrjálst fyrir yngri en 18 ára. Notendur 18 ára og eldri skulu standa straum af kostnaði vegna fæðis meðan á dvöl stendur og greiða skv. gjaldskrá hverju sinni.



Opnunartími Borgarinnar frístundar og skammtímadvalar, skipulagsdagar og sumarleyfi.

Borgin frístund er opin fyrir börn og ungmenni effir að skóla lýkur til kl. 16:00. Borgin er lokuð á lögbundnum frídögum.

Þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá einum upp í 14 sólarhringa á fjögurra vikna fresti effir þjónustubörf einstaklingsins. Dvelji notandi í skammtímadvöl í samtals 90 sólarhringa á ári eða lengur skal gert ráð fyrir að dvölin verði hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi svo unnt sé að tryggja gæði þjónustunnar og samráð við fjölskyldu og aðra þjónustuaðila.

Forstöðumaður sér um að skipuleggja starfsdaga Borgarinnar. Dagar þessir eru á dagatali Borgarinnar.

Hámarksfjöldi notenda í skammtímadvöl

Fjöldi notenda í skammtímavistun, alla jafna, skal ekki vera fleiri en sex samtímis. Við mat á hámarksfjölda notenda á hverjum tíma skal tekið mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins og aðstæðum á skammtímadvalarstað hverju sinni.

Mannauður í skammtímadvöl

Forstöðumaður skammtímadvalar skal hafa háskólapróf á sviði félags-, heilbrigðis- eða mennta-vísinda og reynslu sem nýtist í starfi. Jafnframt skal að minnsta kosti einn annar starfsmaður með fagmenntun vera til staðar á starfstíma (ekki vökutíma). Starfsmenn skulu hafa grunnþekkingu á þjónustu við fatlað fólk og uppeldi barna ef við á.

Veikindi

Geti barn ekki sótt Borgina frístund vegna veikinda samfelld í 4 vikur eða lengur er hægt að óska effir niðurfellingu fæðis og vistunargjalda gegn framvísun læknisvottorðs.

Þagnarskylda

Allt starfsfólk Borgarinnar frístundar og skammtímadvalar er bundið þagnarskyldu og helst þagnarskylda þó látið sé af störfum. Tilkynningarskylda til barnaverndar gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til félagsmálastjóra sem fer með málefni Borgarinnar. Náist ekki samkomulag ber að vísa málum til fjölskylduráðs Norðurbings. Ákvarðanir sveitarfélagsins um réttindi einstakra barna eru kærnanlegar til úrskurðarnefnda velferðarmála.

Samþykktar af sveitarstjórn Norðurbings þann 27. febrúar 2025





Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is